



**Hátíðarræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
Hrafnseyri  
17. júní 2011**

Forsætisráðherra  
Ráðherrar; alþingismenn  
Vestfirðingar; hátíðargestir

Arnarfjörður, tignarfjöll og fagrir dalir, umgjörð hátíðar fyrir hundrað árum. Bátar bera fólkið að, aðrir koma fótgangandi eða á hestum, íbúar Ísafjarðarsýslu og nágrennabyggðanna hér sunnan við, flestir um langan veg til að minnast mannsins sem sýslan kaus fyrstan til sætis á endurreistu Alþingi; sonur prestsins og frú Þórdísar.

Vestfirskir stofnar stóðu að Jóni Sigurðssyni, bændakonur, sjómenn og klerkar, veganestið lífsbaráttan, hörð og tvísýn, mannfórnir í vondum veðrum, syrgjandi ekkjur, fátæklingar sækja á prestsetrið í von um mat. Sú var heimanfylgjan, minningar sem hertu hann í baráttunni fyrir auknum rétti Íslendinga.

Fólkið sem var hér á túninu 17. júní 1911 þekkti líka þetta mannlíf, enda var þá róíð úr sömu verum og þegar Jón var ungur; margir mundu hann sem þingmann sinn og einnig deilurnar, átökin, að oft á tíðum skorti einhug að baki honum; rifjuðu upp reiðina í hugum Ísfirðinga og almennings um landið allt þegar Jóni var haldið frá þjóðhátíð á Þingvöllum; fékk ekki að vera með Íslendingum við Öxará þegar Kristján IX konungur færði þjóðinni stjórnarskrána, sigurlaunin.

Fyrir hundrað árum voru samherjar Jóns og kjósendur meðal þeirra sem komu hingað, en haustið áður höfðu tuttugu sjálfboðaliðar farið upp í fjallið í leit að steini sem bera skyldi andlitsmynd, sverð og skjöldinn. Það reyndist erfitt verk enda skall á hríðarveður og steinninn hafði vetursetu í fönninni. En með vori leysist margur vandi hér vestra og á hátíðinni var minnisvarðinn umkringdur flaggstöngum.

Okkur kann að finnast þetta fjarlæg saga en samt náðum við mörg að tengjast henni sterkum böndum, kynntumst í æsku fólkinu sem var á

Hrafnseyri þennan dag. Afi minn, Ólafur Ragnar, ritaði fimmtíu árum síðar ítarlega frásögn í Lesbók Morgunblaðsins; hughrifin enn rík í minningunni. Vinur hans, Nathanael kaupmaður Mósson skipulagði skreytingar á túninu og hann stóð enn við búðarborðið þegar við vorum ung. Kvenfélagið Von sá um veitingar og íþróttafélagið Höfrungur, sem á fulltrúa hér í dag, sýndi fimleika, stökk og glímu. Hátíðargestir dáðust að mælsku séra Böðvars og reyndar líka Sigtryggs á Núpi, en þó einkum kvæðinu sem Hannes Hafstein orti í tilefni dagsins og flutt var með lagi Sigfúsar Einarssonar:

Þagnið, dægurþras og rígur!  
Þokið, meðan til vor flýgur  
örninn mær, sem aldrei hnígur  
íslenzkt meðan lifir blóð.

Járnsmiðurinn á Þingeyri lauk lýsingunni í Lesbókinni með þessum orðum:

„Eftir að dagskráin var tæmd, fóru hátíðargestir óðar að tínast til brottfarar, ekki hvað sízt þeir, sem langt voru að komnir. Sól gekk til viðar undir norðurfjöll Arnarfjarðar. Hafgolan hallaði sér til værdar og smátt og smátt umvafði hin hljóða, bjarta sumarnótt byggð og búendur, sem margir voru þá á leið til síns heima eftir minningaríkan dag, er enginn gæti gleymt með öllu.“

Já, góðir hátíðargestir, Íslendingar, saga Jóns Sigurðssonar er reyndar svo nálæg að fólkið sem studdi hann best ól upp þá sem fóstruðu okkur, afa og ömmur sem héldu á ný til Hrafnseyrar 17. júní 1944 til að fagna stofnun lýðveldis.

Aftur söfnuðust Vestfirðingar saman við steininn, séra Eiríkur flutti minni Jóns forseta, Guðmundur Ingi og fleiri skáld lásu frumort kvæði, Sigurður Nordal kom að sunnan til að hylla hið nýja lýðveldi.

Við hugsum með virðingu og þökk til þessa fólks, þeirra sem voru hér á undan okkur, fólksins sem sýnir að saga Jóns Sigurðssonar er ekki fjarlægur tími heldur hluti af uppeldi okkar og veganesti.

Þótt hann færi héðan sautján ára til að taka stúdentspróf hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík og kæmi fyrst aftur eftir lærdómsdvöl í Kaupmannahöfn, nýkjörinn alþingismaður Ísfirðinga, voru æskuslóðirnar ætíð ofarlega í huga hans. Það sýna bréfin frá foreldrum og fólkinu heima.

Arnarfjörður, Hrafnseyrarheiðin, Dynjandi, Langanes, Lokinhamrar, Álftamýri, Kaldbakur og Ketildalur – stórbrotið og söguríkt landslag samofið frásögnum af galdramönnum og fornri tíð, Sturlungu og öðrum

sögum, lýsingum á Hrafn Sveinbjarnarsyni sem ásamt Jóni er frægastur heimamanna á þessum stað, „einn mesti höfðingi og besti drengur“ sinnar tíðar, sem hvorki gekk á eiða eða gerðar sættir.

Þegar Jón Sigurðsson ritaði Hugvekju til Íslendinga mótaði þessi heimanmundur ásamt lærdómi og reynslu boðskapinn, þjargið sem baráttan byggðist á, áherslur um þjóðarvitund og sjálfstæðisþrá. Þetta voru burðarásar sigranna sem síðar unnust, sumir löngu eftir að Jón var allur, hugsjónir í brjóstum fólksins sem safnaðist til Hrafnseyrar 17. júní 1911 og 1944, leiðarljós í uppbyggingu samfélags sem við hlutum í arf, undirstöður að traustum sessi Íslands í veröldinni; sjálfstæðisþrá og þjóðarvitund.

Hlýðum á boðskap Jóns í Hugvekju til Íslendinga, stefnuna sem hundrað árum síðar leiddi okkur til lýðveldis:

„Íslendingar hafa ekki hyllt Dani eða Þjóðverja, né neina aðra þjóð, til einveldis yfir sig, þó þeir hafi jafnframt Dönnum og Norðmönnum hyllt einvalda konunga. Þar af leiðir aptur, að þegar konungur afsalar sér einveldið, þá höfum vér ástæðu til að vænta þess, að hann styrki oss til að halda að minnsta kosti þeim réttindum, sem helguð eru með hinum forna sáttmála, þegar land vort sameinaðist Noregi; það er sá grundvöllur sem vér eigum að byggja á, og laga samkvæmt þörfum þessara tíma.“

„Að vísu kann það samband að geta haldizt um skemmri tíma eða lengri, að Ísland verði undir danskri stjórn, og allt verði lagað þar á landi eptir því, að Dönnum verði sem hægast að halda yfirráðum eptir vild sinni. En hvort sem Íslendingar voga að láta á sér bera eða ekki, þá yrði megn kali og óánægja hjá þeim í þeli niðri, þeir hefði ekkert traust á slíkri stjórn, hlýddi henni ekki nema með hángandi hendi og óskaði: að sá dagur mætti koma sem fyrst, að henni mætti af létta; og sá dagur mundi koma, annaðhvort fyrir eða síðar!“

Í þessari grundvallarritgerð íslensks sjálfstæðis hafnaði Jón Sigurðsson alfarið hugmyndum um að íslenskir fulltrúar á ríkisþingi Dana myndu duga þjóðinni:

„Á þinginu verða fulltrúar vorir sárfáir, eptir tiltölunni, og allt er undir hælinn lagt hvort þeim tekst að sannfæra meira hlutann um það sem réttast væri, þó þeim væri það fullljóst sjálfum.“

Hugvekja Jóns til Íslendinga mótaði þá sjálfstæðissýn sem varð veganesti íslenskra stjórn mála allt til okkar daga, innblásin af þjóðerniskennnd sem forstöðunefnd Nýrra félagsrita færði komandi kynslóðum:

„Þjóðirnar geta ekki tekið nokkrum framförum til hlýtar, þær geta ekki náð neinum andlegum þroska með öðru móti, enn þær leggi alla hug og stund á að vernda hinn þjóðlega blæ á allri mentun sinni og lífs háttum, og halda honum við; en þessi blær er þjóðernið. Þjóðernið er heilagt, og réttindi þess eru órjúfanleg.“

„Væri aptur á móti stjórninni svo hagað, að hún yrði gjörð þjóðleg og byggð á fullkomnum þjóðréttindum, þá mætti ætla á, að slíka stjórn vildi enginn ærlegur Íslendingur missa.“

Í fyrsta árgangi Nýrra félagsrita orðaði Jón líka skýrt og skorinort erindisbréf til handa endurreistu Alþingi, tilgangur þess „að mestu sá að efla framför alþýðu og glæða þjóðaranda hennar.“

Já, kæru hátíðargestir, þjóðarvitund og sjálfstæðisþrá Jóns Sigurðssonar birtust fullskapaðar á fyrstu árum baráttunnar og urðu svo leiðarstef sem styrkt hefur þjóð okkar til góðra verka, hugsjón sem færði fólkinu sem var hér á Hrafnsseyri fyrir hundrað árum og við lýðveldisstofnun marga sigra.

Þótt löngum væri mótbyr, dönsk stjórnvöld andvíg flestum kröfum og vonleysið skyti rötum meðal landsmanna fylgdi Jón ávallt hinni fyrstu sýn, haggðist eigi þótt tilslökun freistaði margra.

Ritgerðir um málefni Íslands, birtar um áratug eftir Þjóðfundinn, bera vitni ríkri stefnufestu:

„En nú er það lífsmál fyrir vort land, að það hafi alla stjórnarathöfn sem næsta sér og hagkvæmasta, og þá stjórn, sem getur svo að kalla séð með eigin augum það sem hún á að ráða yfir, en ekki í speigli og ráðgátu, eða með annara augum, í 300 mílna fjarska.“

Áherslurnar voru þó ekki aðeins á stjórnskipun og stöðu Íslands heldur líka á alhliða framför. Hvatningargreinar, margar búnar ríkjum fróðleik og líka áhrifum frá Ricardo, Adam Smith og Benjamin Franklin, bera vitni um víðtæka sýn á landsmálin; tillögur settar fram um skóla og menntun, frjálsa verslun, samtök og félagsstörf, atvinnuhætti, búskap, jafnvel kartöflurækt og þangbrennslu; allt var það efni Nýrra félagsrita og í farvegi á fundum þingsins.

Jón var ekki aðeins hinn lærði hugsjónamaður, sem sótti rök í fornar sögur, gömul skjöl og sáttmála, starfaði á vegum félaga sem helguð voru fornfræðum, vísindum og bókmenntum. Hann var líka á vissan hátt fyrsti nútímamaðurinn á vettvangi íslenskra stjórnmála, lýðræðissinni sem vissi að stuðningur fólksins skipti sköpum. Því var hann iðinn að rækta sambönd með bréfaskriftum og margvíslegum greiða, annaðist erindi fyrir fólkið heima, keypti stígvél, bankabygg og rúg, efni í peysuföt og aðrar

flíkur, hálsbönd og hringa, messuklæði, kirkjugripi, salt og öngla, sendi í Pistilfjörð timbur og hunda, kom í verð rjúpum úr Reykjavík og smjóri að norðan, reddaði kápunni sem Páll Melsteð bað um í bréfi handa konu sinni, um víddina „þarf maður ekki að tala, hún er í meðallagi þrekin.“

Þeir voru margir sem kvöbбуðu í Jóni eins og Lúðvík Kristjánsson lýsir vel í riti sem um of hefur legið í þagnargildi:

„Þar eru í einni fylking: sýslumenn og dómarrar, prestar, stórbændur og kotungar, vermenn, vinnukonur og maddömur, vinnumenn og námsfólk, landshornalýður og dæmdir menn.“

Í staðinn átti Jón greiða leið í öll héruð landsins; þakklátir stuðningsmenn tóku að sér að skipuleggja fundi og bænaskrár, safna undirskriftum; sýndu að kröfur Jóns áttu fylgi meðal fólksins.

Hann var snjall á þessu sviði og bar af í skilningi á gildi skipulags og samtaka, lýsti með greinaskrifum félagsstörfum, hvernig virkja ætti lýðræðið og gætu þeir textar um þessar mundir verið efni í gagnlega handbók; ákallið á þjóðfundinum þegar fulltrúar tóku undir með Jóni, „Vér mótmælum allir“, væri og um alla framtíð kjörið heróp andófsins.

En líkt og oft hendir forystumenn stóð um hann mikill styr, stundum reynt að binda enda á ferilinn; andstaðan ærin, jafnvel slík eftir kláðamálið að Jón treysti sér ekki að koma til þings og mæta þar mótherjum sínum; hafði reyndar fyrr verið felldur í kjöri um forseta.

Enginn sætti jafn hatrömmum árásum. Það þurfum við líka að muna þótt ýmsir hafi viljað gleyma því eftir að Jón var ásamt Ingibjörgu konu sinni lagður til hinstu hvílu sem þjóðhetja Íslendinga; bændur, iðnaðarmenn og skólapiltar báru kisturnar í Dómkirkjuna.

Því fór fjarri að allir teldu ætíð sjálfsagt að fylgja honum, en Jón varð leiðtogi í krafti hollustu sinnar við málstaðinn, staðfestunnar. Í hátíðarræðu fyrir hundrað árum sagði merkur sagnfræðingur:

„Hann fer ekki í felur með skoðanir sínar eða heldur því einu fram, sem mestan byr hefir í svipinn. Hann beygir ekki kné fyrir tískunni og tíðarandanum, auðnum og völdunum.“

Æviferill Jóns Sigurðssonar ber í sér leiðarvísa um sígilda mannkosti þótt sjálfstæðisþrá og þjóðarvitund séu enn burðarásar í erindi hans við Íslendinga, í upphafi nýrrar aldar sömu ættar og sterkir straumar sem móta nú þróun í nágrannalöndum.

Sjálfstæðisþrá og þjóðarvitund hafa á lýðveldistíma gert okkur kleift að öðlast sess til jafns við aðra, verða virkir í samstarfi ríkja á Norðurslóðum, í Evrópu og beggja vegna Atlantshafsins, njóta nú í

breyttri skipan góðrar vináttu við Kína, Indland og fleiri ríki í fjarlægum álfum.

Sjálfstæðisþrá og þjóðarvitund skópu líka sigrana í glímunni um landhelgina, veittu kynslóðunum sem okkur ólu kraft til að umbylta samfélagi fátæktar, gera menntun og velferð að réttindum allra, efla atvinnugreinar sem skapa ungu fólki fjölda nýrra tækifæra – allt árangur sem á rætur í hugsjónum Jóns Sigurðssonar og kynslóðanna sem fögnuðu 17. júní 1911 og 1944.

Jón Jónsson sagnfræðingur lýsti hlutverki nafna síns skarplega í ræðu sem flutt var af svölum Alþingishússins á þessum degi fyrir hundrað árum:

„Hann vekur þjóðina til lífsins, kennir henni að þekkja sjálfa sig, þjóðréttindi sín, kröfur sínar, krafta sína og köllun sína.“

En það er líka köllun okkar sem komum nú saman á Hrafnseyri og um landið allt, arfleifð sem vísar veginn þegar ákvarðanir um framtíð Íslands eru á dagskrá.

Okkur ber að vega slíkar ákvarðanir á vogarskálum Jóns Sigurðssonar, boðskapar hans, æviverks og stefnu – og einnig á vogarskálum fólksins sem með einurð og trúmennsku færði okkur fullan rétt í samfélagi þjóða heims, fólksins sem fyrir hundrað árum og á sigurstundum síðustu aldar var á þessum sögufræga stað.

Þegar dregur til tíðinda um framtíð Íslands væri við hæfi að allir sem ábyrgð bera komi þá á ný til Hrafnseyrar og ræði hér hvert halda skal, taki svo ákvarðanir með hugsjónir Jóns að leiðarljósi, tign og fegurð Arnarfjarðar fyrir augum, hlýði á óminn af röddum fólksins sem gerði hann að frelsishetju.